



## Litríkt landslag nærri Nili Fossae

Á stórum hluta yfirborðsins er óreiðukennd litablöndun en í árekstragígnum í norðri er opna sem sýnir mismunandi lög. Þessi lög eru mismunandi á litinn. Fyrir því eru nokkrar mögulegar ástæður. Ferlin sem mynduðu lögin gætu hafa sótt efni úr ólíkum lindum en þau gætu líka hafa breyst á annan hátt eftir að hafa myndast, til dæmis ef bergið var misgropið.